

Viðhald skóla og leikskóla 2017

Minnisblað –staða 18.ágúst 2017

Viðhaldsfé til fasteigna og lóða 2017 er 226mkr. Áætlað er að um 55% af því fé fari í viðhald skóla og leikskóla.

Viðhald skólar

Áslandsskóli – færanlegar kennslustofur

- Handrið var sett upp við inngang.
- Gluggar og festingar voru yfirfarðar.
- Niðurföll og festingar utanhúss voru yfirfarnar.

Heildarkostnaður sem fer í viðhald á eigninni, árinu 2017, er áætlaður um **0,4 milljónir króna**.

Engidalsskóli

- Farið verður í endurbætur á múrklæðningu, sunnan- og vestan megin og hún endurmáluð.
- Viðgerð á glugga við setustofu á 2. hæð vegna lekavandamála.

Heildarkostnaður sem fer í viðhald á eigninni, árinu 2017, er áætlaður um **6 milljónir króna**.

Hraunvallaskóli

- Farið var í umfangsmiklar aðgerðir til að greina lekavandamál tengdum m.a. gluggum, hurðum, innsteyptum niðurföllum og þakdúk. Unnið hefur verið í lagfæringum en þetta verkefni er enn í gangi.
- Almenn viðhaldsverkefni eins og lagfæringar á hurðum og gólfplísam.

Heildarkostnaður sem fer í viðhald á eigninni, árinu 2017, er áætlaður um **10,6 milljónir króna**.

Hvaleyrarskóli

- Endurmálaðir voru steyptri veggir að framanverðu og allir timburgluggar og hurðir. Ástand timburglugga var ekki gott vegna skorts á viðhaldi í gegnum árin, hefði þurft að endurmála fyrir ca. 5 árum síðan. Vegna þessa þurfti að lægfæra nokkra glugga vegna fúa.
- Endurnýjaðar voru 2 útihurðir.
- Milliveggur byggður.
- Á suðurhlíð skólans voru samskeyti veggeininga og glugga endurkíttuð. Á nokkrum stöðum innanhúss voru komnar töluverðar skemmdir vegna raka og leka vegna þess að kítitið var orðið laust frá og morkið.
- Farið var í lagfæringar á lóðinni á nokkrum stöðum, sett upp ný tæki, körfuboltavöllur lagður, yfirborð lagað o.fl..

Heildarkostnaður sem fer í viðhald á eigninni, árinu 2017, er áætlaður um **5,4 milljónir króna**.

Lækjarskóli

- Skipta út mótrolokum vegna hitastýringar.
- Áætlað að laga leka vegna flóttahurðar á norðvesturenda
- Áætlað er að laga leka við glugga á móti stofu 206

Heildarkostnaður sem fer í viðhald á eigninni, árinu 2017, er áætlaður um **1,5 milljónir króna**.

Lækjarskóli – íþróttahús

- Áætlað er að laga þakdúk í anddyri fyrstu hæðar, vegna leka.
- Áætlað er að laga þéttingar inni í sundlaugarsal, vegna raka í vegg.
- Sílanbera þarf veggj utanhúss.

Heildarkostnaður sem fer í viðhald á eigninni, árinu 2017, er áætlaður um **0,9 milljónir króna**.

Menntasetrið

- Áætlað er að laga leka í þaki.
- Múrskemmd undir stigapalli á 2. hæð var löguð.
- Skipt var um rúður í stigagangi.
- Forstofa máluð.

Heildarkostnaður sem fer í viðhald á eigninni, árinu 2017, er áætlaður um **2 milljónir króna**.

Setbergsskóli

- Í samkomusal var byggður upp skilveggur.
- Endurbætur voru gerðar á þakdúk yfir kaffistofu kennara. Þakdúkur var bættur og skipt var um niðurfall en þar komst vatn undir dúk og inn á plötu. Þegar búið var að bæta dúkinn og setja nýtt niðurfall, var vatn látið liggja á þakinu í um 2 vikur. Þessar endurbætur virðast hafa skilað árangri og farið var í að laga skemmdir innanhúss í kjölfarið.
- Endurbætur voru gerðar á svölum en lekið hafði inn frá þeim.
- Í stofu 103 var búið að vera lekavandamál í nokkur ár. Greinilegt var að leki var að skila sér inn frá þaki. Tekin var ákvörðun um að opna í kring um þakglugga til að sjá frágang og hugsanlega ástæðu fyrir lekanum, einnig voru glerlistar opnaðir. Sökum þess hversu lengi hafði lekið inn í húsið var ekki hægt annað en að opna þakið. Í ljós kom að átt hafði verið við þakið á sínum tíma en búið var að setja 5 lög af þakpappa á borðin. Þegar pappalögin voru skorin í burt, kom í ljós töluverður fúi í timbrinu og mikil raki.
- Kostnaður vegna lagfæringa vegna leka á inntaki og vegna leka í anddyri.

Heildarkostnaður sem fer í viðhald á eigninni, árinu 2017, er áætlaður um **7,4 milljónir króna**.

Setbergsskóli – íþróttahús

- Leki frá snjóbræðslu var lagaður.

- Fyrirhugað er að laga múrklæðningu sem er farin að detta af. Heildarkostnaður sem fer í viðhald á eigninni, árinu 2017, er áætlaður um **2 milljón króna**.

Tónkvísl

- Verið er að skipta um þakjárn og dúk á húsinu.
- Mála þarf hluta veggja og loft á efri hæð vegna leka.
- Vonast er til að unnt verði að opna rými með að fjarlægja vegg í skrifstofurými.

Heildarkostnaður sem fer í viðhald á eigninni, árinu 2017, er áætlaður um **8,4 milljónir króna**.

Tónlistarskóli

- Laga þarf leka en í kennslustofum í austurenda, lekur með lofti. Heildarkostnaður sem fer í viðhald á eigninni, árinu 2017, er áætlaður um **1 milljón króna**.

Víðistaðaskóli

- Gluggar voru þéttir og sumir endurnýjaðir í kennslustofum í C-álmu, komnar voru rakaskemmdir innanhúss.
- Leki lagfærður í kennslustofum í A-álmu, komnar voru rakaskemmdir innanhúss.
- Leki lagfærður við lyftu í A-álmu.
- Þakdúkur og niðurföll yfirfarin.
- Leki lagfærður í andyri og kennaraherbergi við tengibyggingu.
- Efla er að gera úttekt á loftræstikerfi og kostnaðaráætlun vegna viðgerða.
- Skipta þarf út blásara sem er ónýtur á lofttúðu.
- Setja þarf upp lofttúðu í kjallara í frístundaherbergi.

Heildarkostnaður sem fer í viðhald á eigninni, árinu 2017, er áætlaður um **10 milljónir króna**.

Víðistaðaskóli – íþróttahús

- Skipt var um þakjárn, veggklæðningu og rennur á útbyggingu (svið). Einnig var bræddur pappi á flata þakið þar fyrir neðan.

Heildarkostnaður sem fer í viðhald á eigninni, árinu 2017, er áætlaður um **1,5 milljónir króna**.

Öldutúnsskóli

- Málaðir voru gluggar, hurðir og tréverk utanhúss í A- og B-álmu.
- Endurnýja á loftklæðningu í stigagangi B-álmu.
- Verið er að klára að setja upp nýjan körfuboltavöll, laga girðingar og mála.
- Í stofum 7 og 8 stendur til að laga leka frá þaki.
- Gamla framköllunarherbergið á að laga raka í vegg.
- Verkis að skoða lausnir varðandi bætt loftgæði í kjallara B-álmu.

Heildarkostnaður sem fer í viðhald á eigninni, árinu 2017, er áætlaður um **10 milljónir króna**.

Viðhald leikskólar

Arnarberg

- Hluti sorptunnuskýlis var fjarlægður fyrir framan hús. Sá hluti sem eftir stóð var yfirfarinn og málaður.
- Loftræsting fyrir frysta.
- Almennt viðhald á eigninni.

Heildarkostnaður sem fer í viðhald á eigninni, árinu 2017, er áætlaður um **1,7 milljónir króna**.

Álfaberg

- Endurbætur á lóð, m.a. stækkun og tæki endurnýjuð.
- Gluggar austurendi, lekur með gluggum og þarf að skipta þeim út.
- Eldhús, setja upp vinnuborð.
- Almennt viðhald á eigninni.

Heildarkostnaður sem fer í viðhald á eigninni, árinu 2017, er áætlaður um **3,9 milljónir króna + ca. 6,5 milljónir króna í lóð**.

Álfasteinn

- Í leikstofunni Berg var flot endurnýjað og nýr gólfdukur lagður. Flot undir gólfdukkum er ónýtt í öllu húsinu, búið er að laga hluta skemmda.
- Þvottahús, þarf að greina hvað veldur raka í vegg.
- Yfirfara þakglugga á 2 stöðum vegna leka.
- Almennt viðhald á eigninni.

Heildarkostnaður sem fer í viðhald á eigninni, árinu 2017, er áætlaður um **3,4 milljónir króna**.

Garðavellir (Hjalli)

- Í leikfimisal var gólfdukur orðinn ónýtur vegna leka og raka frá gluggum og hurð. Tekin var ákvörðun um að setja fimm punkta læsingu á hurðina og vinkil-lista niður við gólf. Við opnanleg fög voru áfellur skrúfaðar á gluggana til að hindra að vatn myndi eiga greiða leið inn í drenkerfið. Undir gluggakerfinu voru komnar sprungur í steypuna, sem líklega hafa hleypt raka inn í gólfplötuna, þeim var lokað með viðgerðarmúr. Þegar vissa var komin fyrir því að viðgerðir höfðu heppnast var nýr gólfdukur lagður.
- Veggir í leikstofum voru parketlagðir ca. meter frá gólfi þar sem göt voru komin í vegg.
- Timburgluggar á norður- og austurhlíð skólans voru endurmálaðir utanhúss. Einnig var mygla hreinsuð á nokkrum stöðum innanhúss og gluggar endurmálaðir.
- Almennt viðhald á eigninni.

Heildarkostnaður sem fer í viðhald á eigninni, árinu 2017, er áætlaður um **5 milljónir króna**.

Hamravellir

- Endurbætur verða gerðar á gluggum og hurðum vegna lekavandamála.
- Almennt viðhald á eigninni.
- Lagfæring á lóð.

Heildarkostnaður sem fer í viðhald á eigninni, árinu 2017, er áætlaður um **1,6 milljónir króna**.

Hlíðarberg

- Suðurhlíð hússins var óþétt og blés inn niður við gólf, einnig voru gluggar lekir. Svæðið í kring um gluggana var oppnað að utanverðu og í ljós kom töluverður raki undir gluggunum. Því næst voru gluggarnir þéttir og svæðinu lokað með krossviðsplötum. Sökum þess hversu mikill raki var undir gluggum, var svæðið einnig opnað innanfrá. Í ljós kom að ekki hafði verið gengið frá rakavarnarlagi á réttan hátt. Í kring um glugga var rakavarnarlag laust frá, ekkert kítta og samskeyti límd saman með venjulegu heimilislímbandi en ekki rakavarnarlímbandi. Gengið var frá rakavarnarlagi á réttan hátt, veggirnir gífsaðir og málaðir. Gera má ráð fyrir að ekki hafi verið gengið frá rakavarnarlagi á réttan hátt í húsinu öllu.
- Girðing umhverfis lóðina var endurnýjuð.
- Leikstofa, blæs með gólfi og lekur með glugga
- Í Jötunheimum verður gólfdukur yfirfarinn.
- Endurnýjaður verður kastali á lóð.
- Almennt viðhald á eigninni.

Heildarkostnaður sem fer í viðhald á eigninni, árinu 2017, er áætlaður um **7,5 milljónir króna**.

Hlíðarendi

- Þakkantur verður yfirfarinn og endurmálaður.
- Bæta loftræstingu frá kælum.
- Almennt viðhald á eigninni.

Heildarkostnaður sem fer í viðhald á eigninni, árinu 2017, er áætlaður um **2,3 milljónir króna**.

Hraunvallaleikskóli

- Endurbætur voru gerðar í færanlegu kennslustofunum en þar var komið gat í gólfið við útidyrhurð sökum fúa.
- Almennt viðhald á eigninni.

Heildarkostnaður sem fer í viðhald á eigninni, árinu 2017, er áætlaður um **1,3 milljónir króna**.

Hvammur

- Endurbætur voru gerðar vegna leka frá 4 þakgluggum. Sprunga var komin í glerið og þéttingar í ólagi. Sérsmíðaðir voru 4 gluggar og þeim komið fyrir.
- Almennt viðhald á eigninni.

- Unnið er að hönnun vegna stækkunar á húsnæði skólans
- Í færnanlegum kennslustofum er stefnt að því að skipta um útihurð með gleri á norðurhlíð.

Heildarkostnaður sem fer í viðhald á eigninni, árinu 2017, er áætlaður um **3,4 milljónir króna. Að auki kemur kostnaður vegna vinnu arkitekts vegna stækkunar.**

Norðurberg

- Endurbætur voru gerðar á elsta hluta skólans. Skipt var um þakjárn, pappa, rennur og niðurföll. Þakkantur var orðinn fúinn og loftaði ekki nóg, vegna þessa var hann einnig endurnýjaður og byggður upp á annan hátt.

Heildarkostnaður sem fer í viðhald á eigninni, árinu 2017, er áætlaður um **8 milljónir króna.**

Smáralundur

- Endurmálaðir voru gluggar og hurðir utanhúss.
- Skipt var um 2 ónýta glugga í leikstofu dagheimilis og gluggavegg í anddyri. Töluverður fúi var kominn í timbrið og lekið hafði inn í töluverðan tíma. Tekin var ákörðun um að endurmála leikstofu dagheimilis og opna gólfdukinn við útvegg vegna hættu á myglu.
- Lóð og tæki.

Heildarkostnaður sem fer í viðhald á eigninni, árinu 2017, er áætlaður um **6 milljónir króna.**

Stekkjjarás

- Farið verður í að þétta með útihurðum, en töluverður raki er í vegg innanhúss.
- Verið er að skoða lausnir varðandi loftraufar í gluggum sem lekur inn með.
- Fyrirhugað er að þétta geymsluskúr á lóð enn frekar.

Heildarkostnaður sem fer í viðhald á eigninni, árinu 2017, er áætlaður um **2 milljónir króna.**

Vesturkot

- Loftræsting fyrir kæliskápa var löguð.
- Endurnýjaður verður kastali á lóð.

Heildarkostnaður sem fer í viðhald á eigninni, árinu 2017, er áætlaður um **1,5 milljónir króna.**

Víðivellir

- Útihurðir og karmar voru endurnýjaðir á 4 deildum.
- Girðing var endurnýjuð á leikskólalóðinni.

Heildarkostnaður sem fer í viðhald á eigninni, árinu 2017, er áætlaður um **8 milljónir króna.**